

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. september 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag Tónskólans og sjóðurinn Styrktarsjóður Tónskólans. Hvertveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita skólanum árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi skólans, er heitir Styrktarfélag Tónskólans.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð, er nefnist Styrktarsjóður Tónskólans. — Sjóðurinn er eign skólans. Stjórn skólans skal hafa stjórn sjóðsins með höndum, og ráðstafar sjóðnum eftir þörfum skólans hverju sinni og í hans þágu. — Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, bankavaxtabréfum eða fasteignum.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum skólans og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

5. gr.

Félagar í Styrktarfélagi Tónskólans eru þeir, sem með árlegum framlögum, ákveðnum á aðalfundi félagsins ár hvert, leggja fram fé til Styrktarsjóðs Tónskólans. — Félag eða stofnun, sem styrkir skólann með slíkum fjárframlögum telst einn meðlimur í Styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. — Ef fulltrúi frá stofnun eða félagssamtökum er einnig persónulegur styrktarfélagi, hefur hann þó aldrei nema eitt atkvæði á fundum þess. — Umsókn um þátttöku í Styrktarfélagi Tónskólans skal senda stjórn Styrktarfélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

6. gr.

Stjórn Styrktarfélags Tónskólans skal kosin á aðalfundi félagsins, sbr. 10. gr. Skipulagsskrár Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, og er hún jafnframt stjórn skólans.

7. gr.

Aðalfundur Styrktarfélags Tónskólans skal haldinn fyrir lok september ár hvert, og skulu þar afgreidd eftirfarandi málefni:

- a) Greinargerð skólastjóra Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar um rekstur skólans á liðnu ári.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar skólans og Styrktarsjóðs Tónskólans, fyrir síðasta reikningsár, og samþykktir.
- c) Ákveðin upphæð árgjalds til Styrktarsjóðs Tónskólans fyrir næsta ár.

- d) Kosin stjórn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, skv. skipulagsskrá fyrir skólann, 10. gr., en sú stjórn er jafnframt stjórn Styrktarsjóðs Tónskólans og Styrktarfélags Tónskólans. Þá skulu og kosnir endurskoðendur samkv. fyrrgreindri skipulagsskrá skólans.

Aðalfundur skal boðaður bréflega með viku fyrirvara. Aðrir fundir Styrktarfélagsins skulu boðaðir með 3ja daga fyrirvara bréflega eða með auglýsingu.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans hinn 29. nóv. 1970.

Í stjórn Styrktarfélags- og Styrktarsjóðs Tónskólans

Sigursveinn D. Kristinsson.

Hallgrímur Jakobsson.

Guðni Guðnason.

Nr. 195.

15. september 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinsson, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 15. september 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Styrktarfélags Tónskólans, er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og heitir Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 12/1963 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna músikþekkingu þjóðarinnar ekki sízt meðal þess fólks, sem aðeins getur varið takmörkuðum tómsundum til þess að iðka músik og auka þekkingu sína á því sviði.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa samkv. 1. gr. laga nr. 12/1963 svo og því að

- a) að halda uppi kennslu fyrir námsflokka í ýmsum greinum tónlistar, þar sem börnum jafnt sem fullorðnum gefst kostur á að stunda músiknám í tómsundum eftir því, sem aðstæður leyfa. — Reynt verði að ná samvinnu við barnaskóla og aðrar uppeldisstofnanir um slík námskeið.
- b) að leggja sérstaka áherzlu á að kenna á alþýðleg hljóðfæri. Til þess að auðvelda börnum aðgang að námi í skólanum verði, eftir því, sem aðstæður leyfa, keypt til skólans létt hljóðfæri, sem svo verði lánuð nemendum fyrstu námsárin. — Þá verði einnig leitast við að létta börnum í úthverfum borgarinnar aðgang að námi í skólanum með því að skipuleggja kennslu fyrir byrjendur í þeim úthverfum, þar sem þátttaka og aðrar aðstæður eru fyrir hendi.